

Loks er viðurkennt af stefnanda, enda upplýst í málinu, að hann hafi lýst hinni umstefndu kröfu í bú Sildareinkasöslunnar sem sinni skuld og án nokkurs fyrirvara.

Með því, sem að framan er greint, þykja nægilegar líkur framkomnar fyrir því, að svo hafi verið um greiðslu verkunarlaunanna samið, sem stefndur heldur fram og á stefnandi þá ekki aðgang að honum um greiðslu þeirra og ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Mánudaginn 3. júní 1935.

Nr. 142/1934. Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir (Geir Pálsson)

gegn

**Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjar-
sjóðs og bæjarstjórnar Reykjavíkur
og gagnsök** (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskuldir. Skaðabótakrafa af hendi áfrýjenda eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1934: Aðalstefnd Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir greiði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði aðalstefnanda, borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs kr. 2425.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 437.50 frá 1. júní 1929 til 1. sept. s. á., af kr. 875.00 frá þeim degi til 1. júní 1930, af kr. 1375.00 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 1875.00 frá þeim degi til 1. júní 1931, af kr. 2150.00 frá þeim degi til 1. sept. s. á., af kr. 2425.00, frá þeim degi til 1. jan. 1932 og loks 12% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 150.00 í málskostnað í aðalsök.

Gagnstefndur skal hinsvegar vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í báðum gagnsökunum og greiði gagnstefnanda, Helga Sigurgeirsdóttir, honum kr. 100.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar til breytinga á hinum áfrýjaða dómi með stefnu 13. sept. f. á. En gagnáfrýjandi hefir, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. jan. þ. á. skotið dóminum til hæstaréttar með stefnu 21. s. m. til staðfestingar.

Í *aðalsök í héraði* er aðeins ágreiningur um vexti af hinnu dæmdu upphæð. Krefjast aðaláfrýjendur þess *aðallega*, að vextir verði algerlega felldir niður, en *til vara*, að þeir verði aðeins dæmdir 5% p. a. frá sáttakærudegi til greiðsludags, og til *þrautavara*, að þeir verði ákveðnir 6% p. a. frá hinum ýmsu gjalddögum útsvaranna til greiðsludags. Með því að aðaláfrýjendur hafa komizt í vanskil um greiðslu útsvara þeirra, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, geta þau ekki orðið leyst undan greiðslu dráttarvaxta lögum samkvæmt, enda þótt gagnáfrýjandi hafi látið lögtaksréttinn fyrnast. Og þótt útsvörin væru lögð á áður en lög nr. 59/1931 gengu í gildi, þá skiptir það ekki máli, því að þau lög virðast koma til framkvæmdar um öll þau útsvör, er þá voru ógreidd, ef á þeim verða vanskil. Krafa aðaláfrýjanda um niðurfellingu eða niðurfærslu vaxtanna verður því ekki tekin til greina, gegn mótmælum gagnáfrýjanda.

Í *gagnsök í héraði* gerði aðaláfrýjandi, Geir Pálsson, tvær kröfur.

1. Að borgarstjóri Reykjavíkur yrði, f. h. bæjarstjórnarinnar, dæmdur, að viðlögðum dagsektum,

til að veita honum löggildingu til að standa fyrir húsasmiðum í Reykjavík og

2. Að borgarstjóri yrði, f. h. bæjarsjóðs, dæmdur til að greiða honum 24000 krónur með vöxtum, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, vegna synjunar bæjarstjórnar á nefndri löggildingu. Þessar sömu kröfur gerir hann fyrir hæstarétti.

Um 1. Í 5. gr. laga nr. 17/1901 er veitt heimild til þess að setja byggingarsamþykktir í Reykjavík. Samkvæmt þeirri heimild eru ákvæðin í samþykkt nr. 43 frá 27. júní 1924 sett, meðal annars um það, að enginn megi standa fyrir húsasmiðum í Reykjavík nema hann hafi fengið til þess viðurkenningu bygginganefndar, en slíka viðurkenningu veitir nefndin þeim einum, er hún, að uppfylltum öðrum skilyrðum, telur þar til „hæfa“. Fyrirmæli samþykktarinnar, þau, er hér skipta máli, miða til þess, að þeir einir, er byggingarnefndin telur þar til hæfa, standi fyrir húsasmiðum, og aðrir ekki. Og þetta ákvæði samþykktarinnar tekur því eftir hlutarins eðli bæði til þeirra, er húsasmiðar stunduðu áður en hún kom til framkvæmdar, og til þeirra, er síðar koma til. Það getur því ekki skipt máli, þótt Geir Pálsson hafi áður en samþykktin kom til stundað þessa atvinnu, eins og hann hefir haldið fram og byggt kröfu sína á hér fyrir dómi. Og með því að það er ekki á valdi dómstóla að meta hæfileika hans til að standa fyrir húsasmiðum, þá geta þeir ekki breytt ákvörðun bygginganefndar um það atriði.

Um 2. Af því, sem undir 1. er sagt, verður skaðabótakrafa Geirs Pálssonar ekki tekin til greina.

Um skaðabótakröfu aðaláfrýjanda Helgu Sigurgeirsdóttur í *gagnsök í héraði*, er hún gerir og hér

fyrir dómi, athugast, að borgarstjóri mátti, eftir því sem fram er komið í málinu gera ráð fyrir því, að hún hafi ætlað að taka á sig áhættuna af stöðvun á byggingu hennar, þeirri er í hinum áfrýjaða dómi getur, gegn voninni í hlunnindum þeim, er þar nefnd ákvörðun um skipulagsbreytingu á götum bæjarins hefði haft í för með sér henni til handa, sem sé verulega verðhækkun á lóð hennar og húsi, er hún var þá byrjuð að byggja, enda er ekki sannað gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að sleginn hafi verið nokkur varnagli um bætur af hennar hendi, þegar hún samþykkti tilmæli borgarstjóra um stöðvun verksins.

Samkvæmt því, sem að ofan hefir verið tekið fram, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa krafizt málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, og gagnáfrýjandi hefir krafizt málskostnaðar af aðaláfrýjendum in solidum fyrir hæstarétti. Eftir framangreindum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda in solidum 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Aðaláfrýjendur Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir, greiði in solidum 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti til gagnáfrýjanda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. sept. f. á. af borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs gegn hjónunum Geir Pálssyni trésmið og Helgu Sigurgeirsdóttur, báðum til heimilis í Garðastræti 17 hér í bænum, til greiðslu in solidum á útsvarskuld frá árunum 1929, 1930 og 1931 að upphæð kr. 2425.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 437.50 frá 1. júní 1929 til 1. sept. s. á., af kr. 875.00 frá þeim degi til 1. júní 1930, af kr. 1375.00 frá þeim degi til 1. júní 1931, af kr. 2150.00 frá þeim degi til 1. sept. 1931, af kr. 2425.00 frá þeim degi til 1. jan. 1932 og loks 12% ársvöxtum af sömu upphæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefir stefndi krafizt málskostnaðar hjá stefndum að skaðlausu.

Stefnd hafa krafizt sýknu af framangreindum kröfum gegn greiðslu aðalupphæðarinnar, vaxta og málskostnaðarlausu, eða til vara að vextir verði aðeins tildæmdir frá sáttakærudegi og ekki hærri en 5% p. a. Þá hafa stefnd hvort um sig eftir árangurslausar sáttaumleitanir gagnstefnt aðalstefnanda f. h. bæjarstjórnar Reykjavíkur vegna bæjarsjóðs með stefnum útgefnum 27. sept. f. á. Hefir gagnstefnandi Geir Pálsson krafizt þess í gagnsök þeirri, sem hann hefir höfðað, að gagnstefndur verði vegna bæjarsjóðs dæmdur til þess að greiða sér kr. 24000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4000.00 frá 1. jan. 1929 til 1. jan. 1930 af kr. 8000.00 frá þeim degi til 1. jan. 1931, af kr. 12000.00 frá þeim degi til 1. jan. 1932, af kr. 16000.00 frá þeim degi til gagnsáttakærudags, 22. sept. f. á. og af kr. 24000.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og að gagnstefndur verði f. h. bæjarstjórnarinnar dæmdur að viðlögðum dagsektum til þess að veita sér löggildingu til að standa fyrir húsmiði í Reykjavík og loks að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað í gagnsök að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Gagnstefnandi Helga Sigurgeirsdóttir hefir hinsvegar gert þær réttarkröfur í sinni gagnsök, að gagnstefndur verði vegna bæjarsjóðs dæmdur til að greiða sér kr. 2400.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar, 22. sept. f. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndur hefir aðallega krafizt algerðar sýknu af framangreindum kröfum gagnstefnanda í báðum gagnsökunum. Til vara hefir hann mótmælt kröfunum sem allt of háum. Þá hefir hann krafizt málskostnaðar hjá gagnstefnöndu, Helgu Sigurgeirsdóttur, í gagnsökinni.

Aðalsök. Mótmælin gegn vaxta- og málskostnaðarkröfu aðalstefnanda í aðalsök byggja stefnd á því, að aðalstefnandi hafi með því að láta lögtaksréttinn á útsvörunum fynrast fyrirgert rétti sínum til þess að krefjast vaxta af þeim og málskostnaðar í málinu. En þar sem vaxtakröfur aðalstefnanda munu vera í samræmi við reglur þær, sem gilda um dráttarvexti af útsvörum, og stefnd hafa ekki að því er séð verður boðið fram greiðslu á útsvörunum áður en til málsóknar þessarar kom, verða framangreindar mótbáruir þeirra ekki teknar til greina, en eftir atvikum þykir málskostnaðurinn til handa aðalstefnanda hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Gagnsök Geirs Pálssonar. Tildrög máls þessa kveður gagnstefnandi, Geir Pálsson, þau að síðla árs 1927 hafi hann eftir fyrirlagi byggingarfulltrúans hér farið þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur, að hann fengi löggildingu til að veita húsasmiði í Reykjavík forstöðu, en mála-leitun þessari hafi verið synjað, enda þótt hann hafi þegar á árinu 1909 fengið sveinsbréf í trésmiði og stundað þá iðn síðan, sérstaklega þá húsasmiði fram til ársloka 1927 og lengst hér í bænum. Telur hann að synjun þessi hafi verið óréttmæt og hann hafi átt og eigi nú fullan rétt á því að verða viðurkenndur húsasmiður hér. Þá heldur gagnstefnandi því fram, að hann hafi beðið stórtjón vegna umræddrar synjunar. Kona sin hafi öll árin síðan 1927 haft atvinnu af því að láta byggja hús í Reykjavík. Hafi hún orðið að fá viðurkennda húsasmiði til þess að veita byggingum þessum forstöðu, þar sem hann hafi ekki haft réttindi til þess, en smiðum þessum hafi hún orðið að greiða ærið fé, og þeir hafi að sjálfsögðu viljað ráða vinnu-háttum við byggingarnar og verkamönnum. Áætlað gagnstefnandi, að tjón það, sem hann hafi beðið vegna þess að hafa ekki fengið umrædd réttindi muni ekki nema lægri upphæð á ári en kr. 4000.00 og nemi það því samtals frá ársbyrjun 1928 kr. 24000.00 eða hinni umstefndu

upphæð í gagnsökinni, en á tjóni þessu telur hann að Reykjavíkurbær beri ábyrgð.

Sýknukröfuna reisir gagnstefndur á því, að yfirvöld bæjarins, hafi verið innan valdsviðs síns, er þau synjuðu gagnstefnanda um umrædda löggildingu og synjunin hafi verið fyllilega réttmæt. Hafi því þau yfirvöld bæjarins, er um mál þetta fjölluðu, ekkert það framið gagnvart gagnstefnanda í þessu sambandi, er geti bakað honum skaðabótaskyldu. Þá hefir gagnstefndur og mótmælt því, að gagnstefnandi hafi beðið nokkurt tjón við það að hafa ekki umrædd réttindi svo og skaðabótaupphæðinni sem allt of hárrí.

Í 5. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík segir svo, að viðurkenningu byggingarnefndar, sem húsasmiðir, fáir þeir einir, sem hún telur til þess hæfa og hafi fengið sveinsbréf í iðn sinni og unnið að minnsta kosti tvö ár að húsasmiði eftir að þeir fengu sveinsbréfið.

Hér er það lagt óskorað á vald byggingarnefndar að ákveða hverjir skuli fá löggildingu sem húsasmiðir auk þess, sem þeir þurfa að fullnægja hinum tilteknu skilyrðum. Er því sýnt að nefndin hefir ekki farið út fyrir verk-svið sitt með þeirri ákvörðun sinni að synja gagnstefnanda um umrædd réttindi og þar sem réttmæti synjunarinnar hefir enganveginn verið hnekk, verður ekki séð að krafa gagnstefnanda í gagnsök þessari hafi við nægileg rök að styðjast og ber því að sýkna gagnstefndan af þeim. Hinsvegar verður gagnstefndum ekki tildæmdur málskostnaður í gagnsökinni með því að hann hefir ekki krafizt málskostnaðar í henni.

Gagnsök Helgu Sigurgeirsdóttur. Málavexti kveður gagnstefnanda, Helga Sigurgeirsdóttir, þá, að vorið 1931 hafi hún byrjað á byggingu íbúðarhúss á lóðinni nr. 17 við Garðastræti hér í bænum. Í ágústmánuði sama ár hafi komið fram ráðagerðir um það, að framlengja Austurstræti vestur í Garðastræti, en ef til framkvæmda hefði komið hefði hin fyrirhugaða gata skorið í gegnum norðurenda hússins. Hinn 21. ágúst hafi því borgarstjórnin ritað sér bréf, þar sem hann hafi beiðzt þess, að smíði hússins yrði frestað, þar til búið yrði að taka fullnaðar-ákvörðun um það hvort af framlengingunni yrði eða ekki.

Hafi það þá orðið að samkomulagi að byggingunni yrði frestað í 3—4 daga, en að þeim tíma liðnum hafi enn engin ákvörðun verið tekin í málinu og hafi þá borgarstjóri beðið um framlengingu á frestinum. Þetta hafi svo endurtekið sig hvað eftir annað þangað til borgarstjóri hafi á 16. degi frá því að verkið var stöðvað skýrt frá því að horfið væri frá fyrrgreindri ráðagerð.

Gagnstefnandi heldur því fram, að stöðvun húsbyggingarinnar í þessa 16 daga hafi orðið til þess, að húsið, sem hafi átt að vera fullgert um mánaðamótin október og nóvember 1931, hafi ekki orðið íbúðarfært fyrr en verið eftir, þannig, að hún hafi misst af 7—8 mánaða leigu af húsinu, þá telur hún sig hafa beðið tjón af vinnustöðvuninni á þeim grundvelli, að um það leyti, sem byrjað var aftur á verkinu hafi byggingarefni hækkað í verði um 15—20%. Litur gagnstefnandi svo á, að Reykjavíkurbæberi að greiða henni bætur fyrir tjón það, sem hún hafi beðið af framangreindum ástæðum og áætlað það kr. 150.00 fyrir hvern dag, sem verkstöðvunin varaði og kemur það heim við hina umstefndu upphæð í gagnsökinni.

Gagnstefndur reisir hinsvegar sýknukröfuna á því, að gagnstefnandi hafi frestað byggingunni af frjálsum vilja, bæjaryfirvöldin hafi á engan hátt lagt bann við því, að verkinu yrði haldið áfram. Ekki hafi gagnstefnöndu heldur verið lofað nokkrum bótum vegna stöðvunarinnar á byggingunni, né henni gefið tilefni til að álita, að hún fengi þær greiddar hjá bænum. Þá hefir gagnstefndur og mótmælt því, að gagnstefnandi hafi í raun og veru beðið nokkurt tjón vegna stöðvunarinnar.

Í áðurgreindu bréfi borgarstjórans í Reykjavík til gagnstefnöndu, sem lagt hefir verið fram í eftirriti, felast aðeins tilmæli um það, að hún fresti umræddri húsbyggingu meðan fyrrgreind ráðagerð sé athuguð, en engin fyrir-mæli eða skipun um vinnustöðvun. Var gagnstefnöndu því í sjálfvald sett hvort hún yrði við þessum tilmælum eða ekki. Þá hefir gagnstefnanda engar sönnur fært á það, gegn mótmælum gagnstefnds, að hún hafi beðið tjón vegna stöðvarinnar á byggingunni. Ber því að taka sýknukröfu gagnstefnds til greina og tildæma honum málskostnað í gagnsök þessari og ákveðst hann 100 krónur.

Vegna margvíslegra embættisanna hefir dómurinn eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Miðvikudaginn 5. maí 1935.

Nr. 87/1934. Ólafur Jóhannesson

gegn

hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Jóhannesson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 5. maí 1935.

Nr. 13/1935. Þorbjörn Jóhannesson

gegn

Eiríki Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorbjörn Jóhannesson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.